

Ed.

614. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenskra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ákvæði greinar þessarar ná einnig til íslenskra útgerðarfyrirtækja línuskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Síðari másl. 2. gr. laganna orðast svo: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenskra útgerðarfyrirtækja.